





# RANGÁRÞING YTRA

## Aðalskipulag 2010-2022 - Lunansholt II



Breytt aðalskipulag Rangárþings ytra 2010-2022, sveitarfélagsuppdráttur. Mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag Rangárþings ytra, sveitarfélagsuppdráttur, staðfest 2. febrúar 2011. Mkv. 1:50.000.

### SKÝRINGAR

#### Byggð

Landbúnaðarsvæði

Býli / eyðibýli

Frístundabyggð

Óbyggð svæði

#### Samgöngur

Stofnvegir

Tengivegir og héraðsvegir

Aðrir vegir, eingöngu til skýringar

Reiðleiðir

#### Veitur

Háspennulínur 220kV og stærri

Háspennulínur 132kv, 66kv og 33kv

Ljósleiðari

#### Vernd

Friðlýstar fornleifar skv. þjóðminjalögum

Hverfisvernd vegna fornminja

Vatnsverndarsvæði I, brunnsvæði

Vatnsverndarsvæði II, grannsvæði vatnsbóla

#### Mörk

Mörk skipulagssvæðis og sveitarfélaga

Mörk jarða, óviss og ekki tæmandi

### GREINARGERÐ

#### 1. INNGANGUR

Aðalskipulagsbreyting þessi tekur til breyttrar landnotkunar í landi Lunansholts II í Landsveit, Rangárþingi ytra. Um er að ræða breytingu á landi 3, 4 og 5 (landnr. 221055, 221056, 221057). Gert er ráð fyrir tveimur nýjum frístundasvæðum. Í gildandi aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Svæðið er vestantil í ávalri hæð og er það grasi gróið. Hér að neðan er lýst þeim breytingum sem verða á landnotkun í Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 sem staðfest var 2. febrúar 2011. Gerð er breyting á greinargerð, kafla 4.3 um frístundabyggð og samsvarandi breyting á uppdrætti aðalskipulagsins.

Sveitarstjórn Rangárþings ytra setur fram í meginmarkmiðum Aðalskipulags að stuðla að fjölbeyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir iðnað, ferðapjónustu og aðra atvinnustarfsemi ásamt því að stuðla að hagkvæmri þróun byggðar. Þá er gert ráð fyrir að efla þjónustu við ferðamenn og auka afþreyingarmöguleika til að renna styrkari stoðun undir byggðarlagið.

Lýsing að breyttu aðalskipulagi var kynnt með auglýsingu og á heimasíðu sveitarfélagsins í júlí og fram í ágústmánuð.

#### 2. FRÍSTUNDBYGGÐ

Gert er ráð fyrir tveimur nýjum frístundasvæðum á jörðinni Lunansholts II, F73 og F75. Frístundasvæðið F73 er 5 ha að stærð og F75 er 8 ha. Gert er ráð fyrir allt að 10 frístundahúsum á hvoru svæði.

#### 3. VEITUR

Gert er ráð fyrir að byggðin fái vatn úr viðurkenndu vatnsbóli. Þá er gert ráð fyrir sameiginlegum hreinsivirkjum eftir því sem við verður komið. Byggðin tengist dreifikerfi RARIK.

#### 4. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM TILLÖGUNNAR

Í eftirfarandi töflu eru metin áhrif breyttrar landnotkunar í landi Lunansholts II.

UMHVERFISÞÆTTIR SEM AÐALSKIPULAGSBREYTINGIN HEFUR ÁHRIF Á				
VALKOSTIR	Hagrænir og félagslegir þættir	Náttúrufar og landslag	Heilsa og öryggi	Verndarsæði og minjar
Breytt aðalskipulag	Auknar framkvæmdir styðja við stefnu sveitarstjórnar um að styrkja atvinnulíf og fjölga atvinnutækifærum. Fjölgun frístundahúsa og meiri viðvera á svæðinu styður við aðra atvinnu, sérstaklega þjónustufyrirtæki.	Frístundabyggð fylgir yfirleitt meiri trjárækt og fjölbreyttari gróður. Byggingar og skógrækt sem iðulega fylgir frístundabyggð hefur sjónræn áhrif.	Frístundabyggð bætir yfirleitt aðstöðu íbúa til útiveru og getur þannig bætt heilsufar.	Engin áhrif.
Aðalskipulag 2010-2022	Landbúnaðarland skerðist ekki. Fjölgar ekki atvinnutækifærum né eflir þjónustu. Bætur ekki tekjustofn sveitarfélagsins.	Engin áhrif	Engin áhrif	Engin áhrif.

Jákvæð áhrif    Neikvæð áhrif    Óviss áhrif    Óveruleg áhrif

#### 5. SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA / MÓTVÆGISADGERÐIR

Breytt aðalskipulag fellur að markmiði sveitarstjórnar um fleiri og fjölbreyttari atvinnutækifæri og að efla svæðið til útivistar og ferðamennsku. Framkvæmdir styrkir sömuleiðis atvinnulíf á svæðinu en skerðir jafnframt nokkuð gott landbúnaðarland. Aðalskipulagsbreytingin hefur jákvæð áhrif á samfélagið og ekki verður um skerðingu að ræða á minjum eða verndarsvæðum.

Aðalskipulagsbreyting þessi var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann \_\_\_\_\_ samkvæmt 1. mgr. 36. gr. laga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_



STEINSHOLT

Suðurlandsvegi 1-3  
850 Hella. S. 487 7800  
www.steinsholtfs.is

Hannað: GG, ÁJ, IS  
Teiknað: IS

RANGÁRÞING YTRA

Aðalskipulagsbreyting

Verk: 8613 SA104

Mkv: 1:50.000

Blaðstærð: A3

Dags: 12.08.2013

Breytt:

Samþykkt: